

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skal skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist ný setning svohljóðandi:

Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda húsaleigusamningseyðublaða.

2. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 8. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr., komi: forgangsréttur.

3. gr.

1. málslíður 10. gr. hljóði þannig:

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublað við gerð hans teljast aðilar hafa gert ótímabundinn leigumála og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

4. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða er atvinnuhúsnæði eða húsnæði samkv. 13. gr., 1. tl., skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þegar hið leigða húsnæði er í íbúð, sbr. 13. gr., 2. tl., skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.

5. gr.

Upphaf 15. gr. breytist og verður þannig:

Fardagar íbúðarhúsnæðis eru . . .

6. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 16. gr., 2. og 3. mgr., komi: forgangsréttur.

7. gr.

Aftan við við 2. mgr. 37. gr. komi ný setning svohljóðandi: ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 51. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú greiðir leigutaki leigusala samkvæmt samkomulagi þeirra húsaleigu fyrirfram í upphafi leigutímans eða síðar fyrir meira en 3 mánuði og hefur leigutaki þá rétt til leiguafnota í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir með þeim kjörum sem um var samið milli aðila.

9. gr.

1. mgr. 56. gr. hljóði svo:

Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Í 2. mgr. 56. gr. komi orðin „eða framleiga“ næst á eftir orðunum „framsal á leigurétti“.

10. gr.

Á eftir XIII. kafla laganna komi nýr kafli, XIV. kafli, er beri yfirskriftina: **Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda og fl.**

Í XIV. kafla, eins og hann er þá orðinn, komi ný grein, 77. gr., svohljóðandi, en aðrar greinar og kaflaskipti færast aftur sem þessu nemur:

Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara á fjögurra ára fresti könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.

11. gr.

1. mgr. 77. gr. hljóði þannig:

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á húsaleigulögum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þó getur ráðherra ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyr-